

atlæti í uppvexti eða viljastyrk til að bæta upp þetta tvennt? Á hann ekki siðferðilega kröfu á að fá það bætt upp með því að eignast hlutdeild í því sem hinir hæfileikaríkari fá í sinn hlut?

Svar okkar við þessum spurningum ræðst e.t.v. að lokum af því hvað við teljum mikilvægast að hafa að leiðarljósi við lausn á brýnustu vandamálum samfélagsins. Á einkum að taka mið af úrskurði hinnar „hreinu og óspilltu“ skynsemi (ef eitthvað slíkt er yfirleitt til); ber okkur að uppgötva herbergjaskipan í himnaríki og byggja síðan hús okkar í samræmi við það? Eða ber okkur að dýpka rödd skynseminnar með jarðneskum undirtónum, tempra úrskurði hennar með hliðsjón af því hvernig náttúrulegt og félagslegt hlutskipti mannsins hefur mótað, með eða án aðstoðar skynseminnar? Pessar spurningar skjóta sifellt upp kolinum í rökræðunni milli jafnaðarsinna og verðleikasinna. Því á endanum snýst ágreiningurinn um það hvort samfélagið eigi að leyfa að verðleikar manna hafi áhrif á hvernig þeim vegni í lífinu. Hin himneska skynsemi segir nei, hin jarðneska skynsemi segir já.

SIGURÐUR LÍNDAL

## Stjórnarskrá og mannréttindi

Á HÁTÍÐAFUNDI ALÞINGIS á Þingvöllum sem haldinn var 17. júní 1994 í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins var samþykkt að stefna að endurskoðun mannréttindaklafla stjórnarskráinnar fyrir næstu alþingiskosningar sem fram skyldu fara 8. apríl 1995. Þegar frumvarp lá fyrir urðu um það miklar umræður, einkum utan þings, en það var síðan samþykkt sem stjórnskipunarlög nr. 100/1995. Sameiginlegt einkenni þeirra mannréttindagreina sem samþykktar voru eru yfirlýsingar um réttindi þjóðfélagsþegnanna á afmörkuðum svíðum og er það í samræmi við það sem almennt tíðkast í stjórnarskrám nú á dögum. Í því sem hér fer á eftir verður hugað að því hvort ítrekuð áherzla á réttindagreinar sé vænleg til að tryggja mannréttindi. Veigamikil rök hniga að hinu gagnstæða.

### Stjórnarskrá

Stjórlög eða stjórnarskrá kallast lög sem geyma meginákvæði um stjórnskipan ríkis og er ætlað varanlegra gildi en öðrum lögum. Alla jafna lýtur efni þeirra að tvennu: stjórnskipulagi ríkisins og stöðu þegnanna í samféluginu. Annars er nokkuð breytilegt meðal þjóða heims hvaða reglum er skipað í stjórnarskrá; þetta ræðst meðal annars af náttúrlegum aðstæðum, menningarhefð, venju og sérstökum sögulegum tilefnum.

Ekki eru allar reglur um íslenzka stjórnskipan í stjórnarskránni. Ýmsar eru reistar á venju, en aðrar teljast til óskráðra grundvallarreglna sem hefð hefur helgað og ætla má að almenn samstaða sé um. Um sumar stofnanir þjóðfélagsins eru reglur stjórnarskráinnar mjög fáskrúðugar, svo sem um dómstóla og sveitarfélög. Þar kemur almenn löggjöf til fulltingis.

Auk reglna um skipulag þjóðfélagsins eiga í stjórnarskrá að vera ákvæði sem mæla fyrir um stöðu manna innan þess – og þá einkum gagnvart ríkinu, einu viðurkenndu valdbeitingarstofnun þjóðfélagsins. Tilgangur slíkra ákvæða er að tryggja mönnum tiltekin lágmarksréttindi og vernd gegn hugsanlegum ágangi valdhafa. Pessi réttindi eru kölluð mannréttindi eða grundvallarréttindi. Oftast eru ákvæðin í sérstökum kafla stjórnarskrár, en stundum í yfirlýsingum eða réttindaskrám sem standa sjálfstæðar og hafa sama gildi og stjórnlagákvæði.<sup>1</sup> Í stjórnarskrá Íslands eru mannréttindaákvæðin í 6. og 7. kafla mikilvægust. Þar er sá háttur á hafður eins og almennt í stjórnarskrám nútímans að skráðar eru yfirlýsingar um þau réttindi sem mikilvægust teljast hverju sinni og sérstök ástæða hefur þótt til að verja. Hér má nefna ákvæði sem tryggja trúfrelsi, persónufrelsi, friðhelgi heimilis, friðhelgi eignarréttar, atvinnufrelsi, framfærslurétt, prentfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi.

#### *Hvernig eru mannréttindi tryggð?*

Í breytingum þeim sem lögleiddar voru með stjórnskipunarlögum nr. 100/1995 er haldið áfram á þessari braut, en ýmsu aukið við – sumu að gefnu tilefni, en öðru án sýnilegrar ástæðu. Þótt ákvæðin stefni öll að einu marki, að tryggja réttindi þjóðfélagsþegnanna, eru þau ekki í sama búningi. Fyrst má nefna ákvæði þar sem orðuð er almenn yfirlýsing um tiltekin réttindi manna, svo sem að allir eigi rétt að stofna trúfélög og að allir skuli eiga rétt á almennri menntun. Því næst eru ákvæði sem geyma almennar yfirlýsingar um stöðu manna í þjóðfélagini, eins og að allir skuli vera jafnir fyrir lögjum og að öllum skuli frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þá koma ákvæði sem reisa ríkisvaldi skorður í því skyni að tryggja rétt þjóðfélagsþegnanna og má sem dæmi nefna að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt

<sup>1</sup> Þannig er mannréttindayfirlýsing frönsku stjórnarbytingarinnar frá 1789 sjálfstætt plagg og í stjórnarskrá Bandaríkjanna frá 1787 er réttindaskráin í sérstökum viðauka sem tók gildi 15. desember 1791.

heimild í lögum og engan megi beita ómannuðlegri eða vanvirðandi refsingu. Síðan eru greinar sem leggja tilteknar verknadárskyldur á ríkisvaldið, svo sem að handtekinn mann skuli án undandráttar leiða fyrir dómara og að dómþing skuli háð í heyranda hljóði. Loks koma greinar þar sem ríkisvaldinu er heimiluð íhlutun um réttindi manna, að vísu með ýmsum takmörkunum. Má hér nefna ákvæði þar sem mælt er að tjáningarfrelsí megi setja skorður í þágu allsherjarreglu og að banna megi um sinn starfsemi félags með nánar tilgreindum skilyrðum.<sup>2</sup>

#### *Vernd gegn ágangi ríkisvalds*

Niðurstaðan af þessu er sú að tilgangurinn með framangreindum ákvæðum sé að vernda þjóðfélagsþegnana fyrir ágangi ríkisvaldsins, þannig að þeir geti lifað nokkurn veginn óáreittir. Lagt er til grundvallar að þegnar þjóðfélagsins eigi tiltekin réttindi sem tryggi þeim sjálfraði á þeim sviðum sem ákvæðin ná til og þangað geti armur ríkisvaldsins ekki teygjist. Petta hefur þá sérstöku merkingu að almenn heimild sem löggjafinn hefur til að setja lög er takmörkuð sem þessu nemur.

Ákvæði af þessu tagi eiga rót að rekja til réttindaskráa 17. og 18. aldar sem voru viðnám gegn einveldi þeirra tíma og miðuðu að því að takmarka vald, jafnt konunga sem löggjafarsamkundu. Þær voru andóf gegn ríkisvaldi sem laut óverulegum eða engum takmörkunum og var iðulega misbeitt með gerræðislegum stjórnarháttum. Ef sú hugsun sem býr að baki réttindaskrám þessum er lögð til grundvallar verður frelsi þegnanna og önnur réttindi þeirra aðallega tryggð með tvennum hætti:

Að ríkisvald teljist *eðli málsins samkvæmt* takmarkað og nái því ekki til ákveðinna sviða mannlífsins, t.d. trúarlifs og samvisku, eða einhverra þáttu athafnafrelsí. Vandinn er þá að skilgreina hvar mörkin liggi milli valds ríkisins og sjálfraðis þegnanna – m.ö.o. hvar takmörk ríkisvalds liggi. Frelsi manna og sjálfraði er þá tryggt með skírkotun til náttúrlegra eða eðlislægra réttinda – til náttúruréttarins eða eðlisréttarins.

<sup>2</sup> Sjá nánar Viðauka I hér aftast.

Að ríkisvald sæti í eðli sínu engum takmörkunum.<sup>3</sup> Með viðurkenningu mannréttinda og lýðfrelsis *sammælist* menn hins vegar um eða *samþykki* á annan hátt að draga ákveðna þætti mannlífsins undan lögsögu stjórnarstofnana ríkisins. Þeir eru þá lagðir á vald þegnanna sjálfa eða seldir í hendur samtökum eða stofnum um utan ríkisvaldsins, svo sem kirkju, stjórnmálflokkum eða hagsmunasamtökum. Um þessi svið hlutist ríkið alls ekki eða sem allra minnst. Ríkisvald í viðtækasta skilningi er þá takmarkað við það sem samþykkt er á hverjum tíma.

Í báðum þessum tilfellum er vald ríkisins takmarkað, annað hvort í eðli sínu og er það í samræmi við þær hugmyndir sem búa að baki eðlis- eða náttúruréttinum, eða eftir samkomulagi og er það í samræmi við þær hugmyndir sem búa að baki vildarréttinum.<sup>4</sup>

3 Þessi kenning er algerlega andstæð ríkjandi kenningum á miðöldum um eðli ríkisvalds eins og síðar verður vikið að, en hennar verður fyrst varð á síðmiðöldum. Áhrifamesti formælandi hennar var Thomas Hobbes (1588-1679) sem setti hana fram í riti sínu *Leviathan* (1651). Nán tengsl eru milli alræðis og vildarréttar. Reynt er að draga úr áhrifum alræðishugmynda með því að tryggja að ákvæðanir séu teknar lýðræðislega og með því að veita lagákvæðum misjafnt vægi eftir því hversu mikið er lagt í setningu þeirra þannig að stjórnlaákvæði gangi framar almennum lögum og lög framar reglugerðum. Leitazt er við að takmarka vald með því að tefla einu valdboði gegn öðru.

4 Hugmyndir um að ríkisvald sé í eðli sínu takmarkað eru sóttar til eðlísréttarins eða náttúruréttarins. Meginintak þessara hugmynda er að ofar allri lög-gjöf, sem menn setja, gildi óumbreytanleg lög sem verði ekki hagað með neinu valdboði. Lögin eigi sér stod í vilja guðs eða eðli manna, einkum skynsemi. Hugmyndir af þessu tagi voru ráðandi á miðöldum í ýmsum myndum. Pegas ríkisvald efldist innan þjóðrikja ruddu sér smám saman til rúms þau viðhorf að vald þjóðhöfdingjans og síðar hins ópersónulega ríkis lyti litlum sem engum takmörkunum. Þar af leiddi að sjálf ríkisvaldið taldist ótakmarkað, ríkið var „fullvalda“ í bókstaflegum skilningi þess orðs. Valdið er þá í höndum „fullvaldsins“ sem getur verið einn maður eða hópur manna. Umboð sitt til að stjórna getur fullvaldurinn sótt viða; til guðs, til hefðar (erfða), til fá-menns valdahóps eða landslyðsins alls. Handhafi fullveldisins er ekki bundinn af neinum reglum sem kenna má við eðlísrétt; hann getur sett lög hvernig sem honum þóknast þótt auðvitað megi leggja á þau pólitískan og síðferðilegan mælikvarða. Takmörkun á þessu valdi er ekki á neinn hátt „eðlislæg“, heldur bundin ákvörðunum sem tekna eru á hverjum tíma. Lög eru þá mannasetningar sem menn geta farið með að vild og af því er dregið heitið vildarréttur, en á flestum tungum Evrópu er notað orðið „pósitivismi“ í ýmsum myndum. Stefnum sem við hann eru kennar geta birzt á margvislegan hátt, en það sem sameinar þær er að eðlísréttarhugmyndum er hafnað.

Í stjórnarskrá Íslands liggur áherzlan á að lýsa tilteknum réttindum manna, aðallega frelsisréttindum auk nokkurra tegunda félagslegra réttinda. Er þá nærtækt að spryja hvað slík lýsing merki í raun og veru.

Ef ríkisvald telst í eðli sínu takmarkað hafa réttindagreinar lítið eða ekkert sjálfstætt gildi. Með þeim er þá verið að skýra nánar og áréttu miklu víðtækari almenn réttindi. Slíkt kann að vera nauðsynlegt til að minna á og vernda þau svið þar sem reynslan sýnir að ríkisvald seilist einkum til íhlutunar um líf manna.

Ef ríkisvald telst á hinn bóginn í eðli sínu ótakmarkað gegna réttindagreinarnar því hlutverki að draga þau svið sem vernda á undan altæku ríkisvaldi. Það er síðan háð ákvörðunum hverju sinni hvaða skorður því skuli reistar – eða með öðrum orðum: menn sammælast um að sækja tiltekin réttindi í greipar valdhafans. Þetta er grunnhugmyndin sem býr að baki réttindagreinunum í stjórnarskrá Íslands, en þær má rekja til grundvallarlaga Dana sem sett voru 5. júní 1849 í framhaldi af afnámi einveldis árið 1848. Stjórnarskrá Íslands var því eins og aðrar stjórnarskrár á þessum tíma sett í andrúmslofti einveldisskipunar og þá sem andóf gegn því.<sup>5</sup>

Algengast er að réttindayfirlýsingar í stjórnarskrám séu nokkuð almennt orðaðar og því fremur í ætt við stefnuskrár en lög. Oftast eru ákvæði þessi sett af ákveðnu tilefni, nánar tiltekið því að réttindi sem þar eru orðuð hafi ekki verið virt og því talizt nauðsynlegt að njörva þau niður með þessum hætti. Þannig hafi grein til tryggingar málfrælsi verið sett af því að valdhafar hafi skert það eða gert sig líklega til þess; grein um friðhelgi eignaréttar af því að gengið hafi verið á þann rétt o.s.fr. – En hvaða verkan hafa þá slíkar réttindayfirlýsingar?

Ef gengið er að því vísu að ríkisvald sé í eðli sínu ótakmarkað er alltaf hætta á að valdhafar sem vilja treysta tök sín á þjóðfélag-

5 Einveldi var komið á í Danmörku árið 1660. Konungalögin voru sett 14. nóvember 1665 í framhaldi af því. Með lögunum var einveldisskipan svo rækilega njörvuð niður að naumast á sér hliðstæðu í öðru ríki Evrópu. Þau giltu sem grundvallarlög Danmerkur til ársins 1849. Þau eru birt í *Lovsamling for Island* I, bls. 298.

inu haldi því fram að allt sé bannað sem ekki sé sérstaklega leyft.<sup>6</sup> Eðli stjórnmálastarfs er að öðlast hlutdeild í völdum.<sup>7</sup> Má því ætla að sa sem hefur náð völdum vilji halda í skefjum réttindum sem landslýðnum eru berlega áskilin og sækja á þar sem réttindagreinar eru ekki til varnar. Í samræmi við þetta hljóta stjórnlyndir þjóðskörungar að líta svo á að með réttindagreinunum séu landslýðnum skömmtuð ákveðin, afmörkuð réttindi, en ríkisvald sé að öðru leyti lithum takmörkunum háð. Þessi hætta er raunveruleg þegar þeir sem treysta á ríkisforsjá ná völdum og áhrifum. En jafnvel þótt menn játi aðra lífsskoðun er sú freisting aldrei fjarri að beita valdi að yztu mörkum í því skyni að ná ákveðnum tímabundnum markmiðum, t.d. við lausn efnahagsvanda. Í báðum tilfellum er hætta á að réttindi sem þegnum ríkisins eru áskilin verði túlkuð sem þrengst, stundum með skírskotun til raunverulegrar þjóðarnauðsynjar og þá um leið almannuheilla, en í annan tíma með slíkt að yfirskini. Petta er alþekkt reynsla í þjóðfélagi nútímans og ef til vill ein helzta undirrót almennrar andúðar á „ríkinu“.

Við þessum ágangi valdsins sem alltaf er yfirvofandi hefur verið brugðið með því að fjölgar réttindagreinum þótt vonlaust sé að telja upp allt sem til réttinda manna heyrir. Þá verður það til ráða að rýmka orðalag ákvæðanna, en að sama skapi er haldleysi þeirra aukið. Óvíða eru réttindi manna tryggð með háleitari orðum en í alræðisríkjum. Svarið við því hvort slíkar greinar séu líklegar til að verja mannréttindi er þá þetta: Því fleiri og víðtækari

6 Gagnrýni á réttindaskrár er ekki ný af nálinni. Bandaríski stjórnálamaðurinn og alríkissinninn Alexander Hamilton (1757?-1804) varaði við setningu súlkra réttindaskrár, meðal annars á þeiri forsendu að réttindi manna yrðu aldrei tæmandi talin og hætta á að þau sem ekki væru sérstaklega tilgreind væru ekki varin. Sjá *The Federalist* nr. 84. Alexander Hamilton, James Madison og John Jay: *The Federalist*. Ritstjóri Benjamin Fletcher Wright. The Belknap Press of Harvard University Press. Cambridge, Massachusetts 1961. F. A. Hayek: *The Constitution of Liberty*. Routledge & Kegan Paul. London and Henley 1976, bls. 185-86.

7 Sjá Max Weber: *Mennt og máttur*. Íslenzk þýðing eftir Helga Skúla Kjartansson. Hið íslenzka bókmennatafélög. Reykjavík 1973, bls. 121.

mannréttindagreinar – því minni er tryggingin fyrir slíkum réttindum.<sup>8</sup>

#### *Mannréttindi eins rekast á mannréttindi annars*

Nú ganga mannréttindi ekki til einnar áttar, heldur margra; réttindi eins rekast iðulega á réttindi annars. Málamíðlun er því nauðsynleg svo sem marka má af mannréttindaákvæðum íslenzku stjórnarskráinnar (sjá Viðauka I). Með þeim er ríkisvaldi heimilað að skerða tiltekin réttindi til þess að tryggja önnur. Við ítrek-aða áherzlu á óumdeild réttindi er hætt við að þessu sé ekki gaumur gefinn; áherzlan flytz á einn þátt réttinda, en ekki skeytt um aðra og så hefur sitt mál sem freklegast framfylgir þeim réttindum sem hagsmunum hans henta. Afleiðingin verður að þróngir hagsmunir einstakra manna og hópa stýra að miklu leyti allri mannréttindaumræðu og mannréttindabaráttu.

Athygli vekur hversu afbrotamenn skírskota af mikilli sannfæringu til mannréttinda og sú skírskotun fær mikinn hljóm-grunn meðal ýmiss konar samtaka og almennings. Ástæðan er efalaust sú að mönnum finnst einmana afbrotamaður standa ber-skjaldaður gagnvart ofurvaldi ríkisins. Við þá sýn vaknar samúð, þannig að ávirðingar hans og illvirki gleymast. Menn leita að rétt-lætingu fyrir háttsemi afbrotamannsins og varpa sökinni á „þjóðfélagið“, hvað sem það merkir. Efasemdir um gildi refsinga ýta undir slíka afstöðu. Ekki er unnt að útiloka að þessi tegund mannréttindabaráttu eigi einhvern þátt í vaxandi ofbeldi sem veldur almenningi síauknum áhyggjum og stjórnálamenn hér-lendis virðast nú fyrst teknir að huga ofurlítið að. Fátt heyrist hins vegar frá þeim sem eiga um sárt að binda vegna afbrotta, enda hafa þeir hingað til fengið takmarkaða áheyrn. Víða stendur fólk ráðþrota gagnvart glæpalýð sem stundar iðju sína í skjóli man-

8 Sjá t.d. stjórnarskrá Sovétríkjanna frá 5. desember 1936, X. kafla. *Stjórnarskrá Sovétríkjanna ásamt framsógiureðu Jóseps Stalins*. Bókaútgáfan Heimskringla. Reykjavík 1937. Að öðru leyti má vísa til Amos J. Peaslee: *Constitutions of Nations I-IV*. Priðja endurskoðuð útgáfa. Martinus Nijhoff. Haag 1965. Í stjórnarskrá Kína frá 25. desember 1946 eru mannréttindi rækilega tryggð, sbr. II. kafla, 7.-24. gr.

réttinda og þeir sem halda eiga uppi lögum fá lítið að gert.<sup>9</sup> Ef lit-  
ið er á alþjóðlega sáttmála kemur í ljós að drjúgum hluta þeirra er  
varið undir ákvæði sem tryggja réttindi afbrotamanna, en þar er  
ekki stafur um réttindi brotabola utan almennar yfirlýsingar um  
rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.<sup>10</sup> Ef ekki verður gagngr við-  
horfsbreyting er hætt við að rétti afbrotamanna til umsvifa verði  
skipað skör hærra en rétti annarra þjóðfélagsþegna.

Pegar fjallað er um mannréttindi ber að gefa hagsmunasam-  
tökum gaum og þá sérstaklega stéttarfélögum. Þau njóta verndar  
umfram annan félagsskap í mannréttindasáttmálum og stjórnar-  
skrárgreinum þótt nú um stundir högvgi fá eða engin samtök nær  
mannréttindum, a.m.k. hér á landi.<sup>11</sup> Réttur manna til að stofna

9 Pess verður nú meira vart en áður að þolendur afbrota láti til sín heyra. Hér má minna á baráttu kvennahreyfinga gegn sifaspellum, nauðgunum og heimilisofbeldi. En þá eru öfgar á hinn veginn skammt undan, þannig að farið er að minna á galdrfára. Sjá um þetta efní: Þór Vilhjálmsson: „Undirskriftir gegn mannréttindum.“ *Tímarit lögfæringa* 33 (1983), bls. 205-6. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: „Hver eru mannréttindi kvenna?“ *Tímarit lögfæringa* 35 (1985), bls. 65-67. Þór Vilhjálmsson: „ENN um mannréttindi og undirskriftasöfnun.“ *Tímarit lögfæringa* 35 (1985), bls. 68-69.

10 Sjá t.d. Mannréttindasáttmála Evrópu 5., 6. og 7. gr. Þannig segir í 5. gr.: „Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi“. Síðan tekur við hver málsgreinin á fætur annarri til verndar þeim sem grunaðir eru um afbrot. Svo er að sjá sem þolendur brota séu ekki til, nema ef vera kynni 2. mgr. 2. gr. þar sem ekki telst fara í bága við rétt manna til lífs þótt mannsbani hljóti af valdbeitingu í þágu réttarvörzlu. Sjá einnig Alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnsmálagréttindi 9., 10., 14. og 15. gr. Pessir sáttmálar eru bírtir í ritinu *Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar*. Málflutningsskrifstofa Ragnars Aðalsteinssonar hrl. o. fl. Reykjavík 1992. Sjá einnig *Samninga Íslands við erlend ríki I-II*. Helgi P. Briem bjó undir prentun. Utanríksráðuneyti Íslands. Reykjavík 1963. Í báðum þessum ritum er vísað til frumbirtningar í stjórnartíðindum.

11 Í frumvarpi til stjórnskipunarlaga um breytingu á mannréttindakfla stjórnar- skrárinnar var milli 1. og 2. umræðu skotid inn í 74. gr., sem verndar félagsfrelsi, sérstöku ákvæði þess efnis að stjórnsmálfélög og stéttarfélög nytu þessarar verndar. Frá stéttarfélögnum höfðu birzt ákveðnar athugasemdir við 2. mgr. þar sem verndaður var réttur manna til að standa utan félaga og var með þessu komið til móts við þau þrátt fyrir framgöngu þeirra í mannréttindamálum sem nánar verður vikið að í þessari ritsmið. Stjórnsmálfélög fá einnig sér- staka vernd og þá jafnframt stjórnsmálflokkar. Hafa þó stjórnsmálflokkar ekki alltaf verið nein sérstök vígi mannréttinda; jafnvel hafa verið til flokkar sem barizt hafa gegn þeim. Alkunna er hvernig íslenzkir stjórnsmálflokkar hafa, sumir hverjir a.m.k., staðið í veki fyrir jöfnun atkvæðisréttar og þar með

og starfrækja stéttarfélög gengur þannig framar rétti manna til að standa utan þeirra. Rétti stéttarfélaga til að framfylgja kjarakröfum með verkföllum er framfylgt þannig að því er enginn gaumur gefinn hvers konar hagsmuni er verið að verja. Í skjóli verkfallsréttarins leyfist einum hópi launþega – jafnvel þeim sem bezt er launaður – að stofna atvinnuöryggi annarra launþega í hættu og svipta þá rétti til vinnu. Og verkföllum er ekki beint gegn hagsmunum sem bundnir eru við fjármuni. Með þeim er ráðið á rétt skólanemenda til menntunar, á rétt sjúklinga, öryrkja og gamalmenna til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu.<sup>12</sup> Með verkföllum er jafnvel ógnað grundvelli stjórnskipunar landsins. Kennarar sem áttu í verkfalli 17. febrúar til 28. mars 1995 hótuðu að hindra afnot af skólastofum með þeim rökum að gengið væri inn á verksvið þeirra með því að búa skólastofur til kosninga. Rafiðnaðarmenn höfðu við orð að stöðva útsendingar útværps og sjónvarps fyrir kosningar 8. apríl 1995 ef til verkfalls kæmi. Samkvæmt því víkja meginreglur stjórnskipunarinnar fyrir verkfallsréttinum.

Rithöfundar og blaðamenn krefjast tjáningarfrelsis eins og vænta má og eðlilegt er og fylgja þeim rétti svo fast eftir að honum er skipað skör hærra en rétti manna til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, auk þess sem dregið hefur verið úr æruvernd þeirra sem sinna störfum í almannapágu.<sup>13</sup>

Vernd eignarréttar og atvinnufrelsis ræðst mjög af því hvaða hagsmunasamtök eru til varnar. Því oflugri og áhrifameiri sem samtök eru þeim mun betur eru þessi mannréttindi tryggð. Þannig sýnir reynslan að mannréttindi hins sterka eru betur tryggð en hins sem minna á undir sér; réttur hins almenna þjóðfélagsþegns, t.d. neytandans, er þá oftast fyrir borð borinn.<sup>14</sup> Hinn ófyrirleitni þrýstihópur er skilgetið afsprengi réttindagreinanna.

brotið gegn 21. gr. 3. mgr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 og 24. gr. b alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálagréttindi frá 16. desember 1966.

12 Sjá nánar Viðauka II.

13 Sjá nánar Viðauka III.

14 Regluverk búvöruframleiðslunnar hefur ekki verndað eignar- og atvinnuréttindi tiltekinna hópa framleiðenda gegn ágangi annarra. Sjá nánar Sigurð Líndal: *Stjórnkerfi búvöruframleiðslunnar og stjórnskipun Íslands*. Úlfliðturi,

Í stuttu máli: Í skjóli réttindagreinanna ganga skýrt afmarkaðir tímabundnir sérhagsmunir fyrir almannahagsmunum, hagsmunir hins sterka framar hagsmunum hins veika, hinn háværi og aðgangsharði fær áheyrn meðan ekki er hlustað á hinn hógværa sem lítið á undir sér.<sup>15</sup>

Einn þáttur þessarar réttindabaráttu er að sifellt fleiri atvinnustéttir binda störf sín svo mjög við einkahagsmuni sína að helzt er að sjá sem stéttirnar vinni einvörðungu í eigin þágu, en ekki í þágu hinna sem verka eiga að njóta.<sup>16</sup> Þolendur verkfalla eru þá þeir sem háðir eru framkvæmd starfa, þar á meðal aðrir launþegar, og nú á síðari árum sjúklingar, gamalmenni og skólanemendur. „Atvinnurekandinn“ er fjarverandi.<sup>17</sup>

tímarit laganema í samvinnu við Röst, samtök um eflingu landbúnaðar og byggða í landinu. Reykjavík 1992. Sama má víst segja um kvótakerfið í sjávarútvegi. Athygli vekur að í deilum um þetta efni skírskota allir hagsmunahópar til mannréttinda – eignar- og atvinnuréttinda sinna – en einungis hinir öflugustu ná að tryggja sér þau. „Þjóðin“ sem er „eigandi“ landsins og miðanna segir fátt þótt eignarréttur hennar á nytjastofnum miðanna sé sérstaklega lögbundinn, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórnum fiskveiða. Ástæðan er þó einföld: Ákvæðið er merkingarlaust ef orðið „eign“ er skilið hefðbundnum skilningi. Íslandsmið lúta einungis fullveldisrétti íslenska ríkisins sem merkir að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geta í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu þeirra, sbr. *Hestaráttardóma* 1981, bls. 182, einkum 193-94 og bls. 1584, einkum 1591-92. Þegar slíkar reglur eru settar ber að gæta þeirra mannréttindaákvæða stjórnarskrárinna sem vernda eignar- og atvinnuréttindi allra sem hlut eiga að máli. Hætt er við að réttinda þeirra sem minna mega sín hafi ekki verið gætt sem skyldi við þá lagasetningu.

15 Lögsmálið um ójafna dreifingu hagsmunanna virðist eiga vel við þegar leggja á mat að það hvernig mannréttindi eru tryggð. Fámmennir hópar sem hafa mikla og skýra hagsmuni tryggja mannréttindi sín á kostnað réttinda annarra. Réttindagreinarnar ýta sterkelega undir þróun. Hannes H. Gissurarson gerir almenna grein fyrir þessu lögsmáli í ritu sínu *Stjórnarskrármálið*. Stofnun Jóns Þorlákssonar. Reykjavík 1987, bls. 34 o. áfr.

16 Samkvæmt þessu virðist viðhorfið vera að vöruframleiðsla sé í þágu þeirra sem þar starfa en ekki í þágu neytenda, flugsamgöngur í þágu flugliða en ekki farpega, kennsla í þágu kennara en ekki nemenda og heilbrigðisþjónusta í þágu heilbrigðisstéttar en ekki sjúklinga. Í samræmi við þetta gengur réttur starfsliðsins framar rétti neytendanna og þjónustuþeganna.

17 Opinberir starfsmenn fengu verkfallsrétt 1976 og var sá réttur í höndum heildarsamtakanna, BSRB. Þau gerðu verkfall 1977 og 1984 sem bitnaði bæði á skólum og sjúkrahúsum. Verkfallsrétt fengu einstök félög opinberra starfsmanna 1985. Kennarar hafa gert verkföll 1987, 1989 og 1995. Heilbrigðisstéttir hafa gert verkföll 1977, 1982, 1984, 1987, 1989, 1994 og 1995. Hér eru talðar

Afleiðing þessa misvægis hagsmuna verður þá sú að þeir sem láta sig mannréttindi almennt varða missa heildarsýn og ganga sérhagsmunahópunum á hönd, vitandi og óafvitandi, en tækifærissinnaðir stjórnmalamenn elta hópana á víxl í von um stundarsfylgi. Þannig þoka almannahagsmunir smám saman fyrir sérhagsmunum og ríkisvald sem á að gæta almannheilla missir mátt til að verjast þessum ágangi og miðla málum milli hinna ólíku hagsmunna, ekki sízt að rétta hlut þeirra sem minnst eiga undir sér. Almenn mannréttindi verða sérréttindi þeirra sem hafa völd og áhrif; mannréttindin snúast í andhverfu sína.<sup>18</sup>

stéttir eins og meinatæknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkrapjálfarar og iðjuþjálfar. Önnur verkföll og aðrar „aðgerðir“ hafa að sjálfsgöðu truflað starfsemi bæði skóla og heilbrigðisstofnana, svo sem verkföll ræstingarfólks. Þetta yfirlit veittir aðeins ófullkomna vísbindingu um áhrif verkfallsaðgerða, en rúmið leyfir ekki rakilegri greinargerð. „Neyðarþjónusta“ tryggir engan veginn rétt sjúklinga. Því veldur meðal annars að vandi er að afmarka „neyð“; aukið vinnuálag og spenna eykur hættu á mistökum og hlýtur að hafa slæm áhrif á sjúklinga. Athygli vekur að áður fyrr voru sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnir friðhelgar í verkföllum og stéttarfélög veittu þeim viðstöðulitið undanþágur.

18 Landssamtókin Heimili og skóli beindu meðal annars þeirri fyrirsprung til umboðsmanns barna í erindi, dagsettu 14. febrúar 1995, hvort það væri „brot á mannréttindum barna að loka skólum vegna verkfalla“. Í svari hans, dagsettu 13. mars 1995, var tekið fram að annars vegar væri um að ræða lögvarinn rétt kennara til að leggja niður vinnu og hins vegar lögákvæðna skólastyldu barna og rétt þeirra til menntunar. Síðan sagði: „Augljóst er að þessi réttindi eru ósamþýðanleg. Við aðstæður sem þessar hefur það sjónarmið verið ríkjandi að hinn sértæki réttur, í þessu tilviki réttur kennara til að gera verkfall, gangi framar hinum almenna rétti, þ.e. skólastyldu barna og rétti þeirra til menntunar, því að öðrum kosti væri hinn sértæki réttur, verkfallsrétturinn, þýðingarlaus.“ Þetta svar er í samræmi við almenn viðhorf og varpar skýru ljósi á það að réttindagreinar tryggja sérréttindi umfram almennan rétt.

Á sama hátt gengur verkfallsrétturinn framar rétti manna til vinnu, sem bezt má marka af því að verkföll sámannra, oftast vellaunaðra starfshópa njóta stuðnings verkalýðshreyfingarinnar þótt þau stofni atvinnuöryggi annarra launþega í hættu. Þetta má marka af ítrekuðum vinnustöðvunum flugliða. Launþegasamtök fordæma viðleitni flugfélaga við að halda starfsemi gangandi jafnvæl þótt stéttarfélögini sem standi að vinnustöðvuninni gangi þvert á meginstefnu stærstu launþegasamtakanna um launajöfnuð og stöðugleika. Því er boríð við að það sé tilraði við verkalýðshreyfinguna að gengið sé í störf verkfallsmanna, en ekkert hugað að því hvaða málstað sé verið að styðja. Stuðningur við verkföll ætti auðvitað að ráðast af því hvort þau þjónuðu heildarhagsmunum eða ekki. Verkalýðshreyfingin hefur hins vegar kosið að verja sérhagsmuni á kostnað almannahagsmunu með úrelt sjónarmið að leiðarljósi.

Önnur ástæða þess að svo fer sem nú hefur verið lýst er orðalag réttindagreinanna. Eins og fyrr hefur verið tekið fram eru í flestum þeirra almennar og mjög viðtækjar yfirlýsingar um réttindi manna á flestum eða öllum sviðum. Sem dæmi má nefna mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, félagsmálasáttmála Evrópu, alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og mennigarleg réttindi og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálag réttindi. Hættan sem stafar af slíkum réttindagreinum er einkum tvenns konar:

Annars vegar svipta slík ákvæði mannréttindahugtakið merkingu og greinarnar verða máttlausar. Hins vegar ýta þær undir almennt tómlæti um ábyrgð og skyldur. Réttur til að njóta frelsis verður réttur til yfirlangs. Réttur til menntunar verður að rétti til námslána, rétti til að komast gegnum skóla og rétti til prófgráðu. Réttur til félagslegrar aðstoðar verður að rétti til hóglifis. Réttur til heilbrigði verður að rétti til að vera „veikur“.

Varla getur leikið vafi á því að ítrekuð áherzla á óumdeilanleg réttindi sé til þess fallin að ýta undir einhliða kröfugerð og sinnuleysi um skyldur og þá er skammt að biða unz sérréttindi nái yfirhöndinni. Á þessari braut verður nú sennilega ekki komið öllu lengra að sinni, enda bendir margt til að réttindakröfubjóðfélög Vesturlanda séu að þrotum komin og velferðarkerfi þeirra að bresta. Hér er vert að gefa því gaum að hvers konar misrétti fer vaxandi á Vesturlöndum, meðal annars í launum og öðrum lifskjörum, þrátt fyrir hvern mannréttindasáttmálann á fætur öðrum. Petta styrkir þá ályktun að sú ofuráherzla sem lögð hefur verið á „réttindi“ ýti eins og nú er komið undir misskiptingu auðs og hvers konar aðstöðumun í þjóðfélaginu. Petta er önnur ástæða fyrir því að fjölgun réttindagreina – hvort heldur þær lúta að frelsisréttindum eða félagslegum réttindum – og vaxandi áherzla á þær er ekki einungis óæskileg, heldur háskaleg. Réttindagreinar eru farnar að vinna gegn mannréttindum.

### Lágmarksríkið

Nú er ríkið tengt valdinu. Baráttan fyrir mannréttindum snýst nálega öll um að vernda þegnana fyrir „ofurvaldi“ þess; mannréttindaumræðan hér á landi er meðal annars til marks um það.

Megináherzlan er lögð á frelsisréttindin og spyrja má hvort þau verði ekki bezt tryggð með því að draga úr umsvifum ríkisins; og fara þess í stað leið frjálsa samtaka og samvinnu eftir því sem frekast er kostur, en leið nauðungar eins sjaldan og hægt er.<sup>19</sup> Þeir sem lengst vilja ganga telja lágmarksríkið eitt réttlætanlegt – ríki sem gegni því hlutverki einu að vernda menn hvern fyrir öðrum og tryggja lög og rétt. Öll ríkisafskipti umfram það séu brot á réttindum þegnanna. Ríkið sé ekki nauðsynlegt til að koma á reglu og skipulagi; hvortteggsa geti þróazt á markaði án þess að nokkur setji regluna eða ákveði skipulagið. Af þessu spretti eins konar frjálst og sjálfvirkt markaðspjóðfélag. – Þeir sem slíkan boðskap flytja eru kallaðir markaðshyggjumenn (anarkó-kapitalistar) til aðgreiningar frá hófsamari frjálsheyggjumönnum.<sup>20</sup>

Þegar meta á hvort þessi leið sé líkleg til að tryggja mannréttindi, nánar tiltekið frelsisréttindin, verður að hafa í huga að veruleg hætta er á að frjáls samtök á markaði breytist áður en varir í harðsvíraða þrýstihópa. Í stað handleiðslu ríkisins koma átök

19 Friedrich A. Hayek: *Leiðin til ánaudar*. Hannes H. Gissurarson íslenzkaði. Almenna bókafélagið – Félag frjálsheyggjumanna. Reykjavík 1980, bls. 23, sbr. bls. 38.

20 Hannes H. Gissurarson: „Er lágmarksríkið eitt réttlætanlegt?“ *Frelsíð* 3 (1980), bls. 252-72. Þar gerir hann meðal annars grein fyrir riti Roberts Nozick: *Anarchy, State, and Utopia (Stjórnleysi, ríki og staðleysur)*, en í því heldur Nozick fram kenningu markaðshyggjumanna. Hér má minna að kommúnistar litu á ríkið sem kúgunartæki ráðandi stéttar, en þegar verkalýðsstéttin hefði tekið ríkisvaldið í sínar hendur yrði þess ekki lengur þörf – það dæi út – og mannkynið stykki úr ríki nauðsynjarinnar inn í ríki frelsisins. Friedrich Engels: *Þróun sósíalismans*. – Hugsýn verður að vísindum. Karl Marx og Friedrich Engels: Úrvalsrit I. Heimskringla. Reykjavík 1968, bls. 118-21. W. I. Lenin: *Ríki og byting*. Bókaútgáfa Heimskringlu. Reykjavík 1938, bls 8 o. áfr., einkum bls. 22 o. áfr. Öll hefur þessi kennung reynzt fjarstaða. „Útdauði ríkisvaldsins“ snerist í illviga harðstjórn. Hugmyndir markaðshyggjumanna og kommúnista um að frelsa mannkynið undan ánaud með því að afmá ríkisvaldið að mestu eða öllu leiðir augljóslega til kúgnar sem annað hvort birtist í gervi stjórnleysis eða ofstjórnar.

hópanna sem verða því illvígari sem ríkisvald er veikara – við tekur alræði þrýstihópanna. Í slíku þjóðfélagi er engin trygging fyrir mannréttindum. Ef hemja á þrýstihópana verður ríkið að auka íhlutun sína og þá er hætt við að frelsisréttindin skerðist. Að þessu verður nánar vikið síðar.

### Að leggja frelsið til grundvallar

Miðaldamenn lögðu frelsi og sjálftæði til grundvallar stjórnskipaninni – að vísu ekki almennt lýðfrelsi þegnanna eins og er í þeim ríkjum þar sem lýðræði er í heiðri haft, heldur frelsi og forréttindi valdastéttanna. Hugtakið frelsi merkti upphaflega lausn undan ánaud eða þrældómi, en síðar lausn undan ásælni ríkisvalds sem einkum beindist að heimtu skatta og sekta. Jafnframt var orðið notað til að auðkenna þá þjóðfélagshópa og stofnanir, kirkju og aðal, sem nutu slíkskrá réttinda. Í stjórmálaátökum var með orðinu frelsi skírkotað til venjuhelgaðrar réttarstöðu þessara aðila og þá sérstaklega til forréttinda þeirra. Að öðru leyti beindist athygli stjórnspekinga miðalda ekki að réttindum, heldur skyldu manna við herra sinn, kirkju og guð.<sup>21</sup> Hugmyndir um einstaklingsbundinn rétt (*droits subjectifs*) náðu fyrst viðurkenningu með eðlisréttarkenningum þeim sem mótaðar voru á 17. og 18. öld.<sup>22</sup> Við konungstekju hétu þeir sem mestu réðu í þjóðfélaginu konungi trúnaði og hollstu, en tóku jafnframt af honum loforð sem aðallega voru tvíbætt: Annars vegar að virða öll áunnin, hefðbundin réttindi og hlíta fornum lögum og hins vegar að fella rétta dóma og koma lögum yfir brotamenn. Stjórnskipan þjóðfélagsins hefur þannig einkenni sáttmála eins og íslenzka þjóðveldið ber glögglega með sér. Þótt hér ættust við valdahópar og öll

21 Stanley I. Benn: „Rights“. *The Encyclopedia of Philosophy*. Ritstjóri Paul Edwards. Sjöunda bindi. Macmillan Publishing Co., Inc. & The Free Press. New York og London 1967, bls. 195-99. Jerker Rosén og Kauko Pirinen: „Frälse“. *Kulturbetiskt leksikon för nordisk meddelalder* IV. Bókaverzljun Ísafoldar. Reykjavík 1959, d. 670-95. J. C. Holt: *Magna Carta*. Cambridge University Press. Cambridge 1965, sjá m.a. bls. 19 o. áfr.; 63 o. áfr.

22 René David og John E. C. Bierley: *Major Legal Systems in the World Today*. Stevens & Sons. London 1968, gr. 29.

alþýða manna kæmi lítt við sögu má ætla að þetta megi hafa til marks um það almenna viðhorf að vald væri í eðli sínu takmarkað. Að því leyti hafi þessi skipan mála verið þegnum þjóðfélagsins hagstæð. Á hitt er að líta að stjórnarfari einkenndist jafnframt af öryggisleysi og ringulreið sem bitnaði að sjálfssögðu á öllum.<sup>23</sup>

Gamli sáttmáli Íslendinga við Noregskonung frá 1262-1264 virðist hafa þá sérstöðu að með honum afsala íslenzkir höfðingjar berum orðum fornu frelsi sínu og gangast undir skyldur við konungsvaldið. Þeir játa konungi ævinlegan skatt, sem tiltekinn er, land og þegna gegn ákveðnum skilyrðum. Mikilvægust þeirra eru að konungur láti Íslendinga ná friði og íslenzkum lögum, eins og það er orðað í sáttmálanum.

Hér birtast sömu grunnhugmyndir og í hliðstæðum sáttmálum erlendum, en sá er munur á að Gamli sáttmáli er einhliða yfirlysing en hinir erlendu, sem venjulega eru kallaðir handfestur, eru tvíhliða.<sup>24</sup> Í sáttmálanum lýsa bændur – og þar er átt við betri bændur – einhliða yfir því hvaða skyldur þeir taka á sig. Skilyrðin sem þeir setja eru síðan orðuð án þess að neitt loforð fylgi af hendi konungs. Í hinum erlendu sáttmálum virðist trúnaðar- og þegnpsyldan ekki hafa verið orðuð berlega, en loforð konungs hins vegar rækilega njörvuð niður.<sup>25</sup> Ástæðan er sú að Íslendingar töldu sig ekki þegna konungs í þeim skilningi sem gert er ráð fyrir í Gamlu sáttmálu og því gengju þeir ekki konungi á hönd öðru

23 Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu“. *Skírnir. Tímarit Hins íslenzka bókmennatafélags* 158 (1984), bls. 121-58.

24 Um þetta eru ekki allir á einu máli. Björn Magnússon Ólsen var þeirrar skoðunar að konungur hefði í bréfi gengið að skilyrðum Íslendinga. Nefnir hann meðal annars bréf það sem nefnt er í 5. gr. sáttmálanum þar sem segir: „Sílkan rétt skulu íslenzkir menn hafa í Noregi sem þá, er þeir hafa beztan haft, og þér hafið sjálfir boðið í yðrum bréfum [...].“ Telur Björn að það eigi við öll skilyrði í sáttmálanum nema því er laut að jarlinum. „Um upphaf konungsvalda á Íslandi“. *Andvani, tímarit Hins íslenzka Þjóðvinafélags* 33 (1908), bls. 57. Undir þessi skoðun tekur Knud Berlin: *Islands statsretlige stilling efter Fristatstidens Ophör* I. Brødrene Salmonsens Boghandel (I. Salmonsens). København 1909, bls. 66, einkum bls. 86-88.

25 Í 1. gr. *Magna Carta* frá 1215 heitir Jóhann landlausí fyrir sjálfan sig og sína erfinga um alla eilífð kirkjunni frelsi og fyllstu réttindum. Ennfremur heitir hann öllum frjálsum mönnum í ríki sínu frelsi svo sem mælt sé í greinum þeim sem fylgja. Sem dæmi má nefna að tilteknir skattar verði ekki á lagðir nema

vísi en með sérstakri yfirlýsingu þar sem honum væri játað land og þegnar. Jafnframt virðast þeir hafa talið stöðu sína sem frjálsra og sjálfstæðra einstaklinga svo sterka að þeir gætu sett konungi einhliða skilyrði. Ef til vill hafa þeir vanmetið konungsvaldið sem mjög styrkti stöðu sínu um þessar mundir eins og Íslendingar fengu að kynnast í harðvítugum átokum við það næstu áratugi eftir gerð Gamla sáttmála 1262-1264. En hvernig sem þessu kann að vera háttar er ljóst að höfðingjar þeir sem stöðu að sáttmálanum hafa með mjög eindregnum hætti lagt frelsi sitt og sjálfstæði til grundvallar skipan þjóðfélagsins; heimildir konungs eru reistar á skilyrtu valdaafslali einstakra höfðingja og ríkismanna sem þegna hans. Þeir fallast á að takmarka frelsi sitt og taka á sig skyldur, t.d. til skattgreiðslu, með ákveðnum skilyrðum. Þetta er í samræmi við meginþugmyndir þær sem bjuggu að baki íslenzka þjóðveldinu og á grundvelli þeirra verða frelsi og skylda lykilhugtök þegar Íslendingar gangast undir ríkisvald í nútíma skilningi.

Og nú má spyrja hvort ekki sé eðlilegast og í beztu samræmi við hugmyndir manna um lýðræði og mannréttindi að taka upp

---

með sammæli allra (12. gr., sbr. 15. gr.) og menn verði ekki gerðir útlægir nema samkvæmt dómi jafnborinna manna eða samkvæmt landslögum (39. gr.). Sjá J. C. Holt: *Magna Carta*, Viðauki IV.

Í hyllingskjali Eiríks konungs glippings frá 1282 („Magna Carta“ Dana) lofar konungur meðal annars að halda árlega þing það sem „hof“ kallast (ríkisþing eða höfðingjafundur Dana á miðöldum), 1. gr.; að enginn verði fangelsaður nema að fullnægðum tilteknun skilyrðum, 2.-4. gr.; að halda í hvívetna lög Valdimars konungs auch þess að takmarka álögur af ýmsu tagi, 5.-10. gr. Loks er frelsi kirkjunnar viðurkennt. *Danmarks Riges Breve* 2. Rk. Bd. III. Sjá einnig Ditlev Tamm og Jens Ulf Jørgensen: *Dansk retshistorie i hovedpunkter* I. Kilder til Dansk Retshistorie. Universitetsforlaget i København. København 1973, bls. 13.

Í frelsisskrá Svía („Magna Carta“ Svía), sem sett var saman í tengslum við konungskjör Magnúsar Eiríkssonar 8. júlí 1319, eru m.a. reistar skorður við geðþotta skattlagningu. Konungur – lögráðendur fyrir hans hönd – heita að hneppa engan í fangelsi nema sekur reynist að lögum, jafnframt því sem heitið er að virða innlend lög. Konungsvaldinu eru þannig reistar ýmsar skorður. Jerker Rosén: *Svensk historia* I. Svenska Bokförlaget/Bonniuers. Stockholm 1962, bls. 174-77.

Sjá einnig Poul Jøhs. Jørgensen: *Dansk Retshistorie*. 2. Udgave. G. E. C. Gads Forlag. København 1947, bls. 64-72.

þráðinn frá miðöldum, og þá sérstaklega frá íslenzka þjóðveldinu, þótt hvorki verði það gert fyrirvara- né gagnrýnislaust. Þetta merkir að miðað sé við að menn séu frjálsir og njóti fyllstu réttinda. Nánar verði réttarstaða manna síðan ákvörðuð með yfirlýsingum um skyldur sem allur þorri manna gengst undir og öðlast þá jafnframt almennt gildi. Frelsið er þannig lagt til grundvallar skipan þjóðfélagsins og hugmyndaoki einveldisins hafnað.

### Stjórnarskrá í anda þegnþyldu

Í stjórnarskrá sem sett væri saman í þeim anda sem lýst hefur verið hér að framan yrði gengið að frelsi manna og grundvallarréttindum vísum og sjálfsögðum. Í inngangsyfirlýsingu eða sérstakri grein mætti minna á helztu meginreglur og þær stjórnspékiþugmyndir sem þjóðfélagið væri reist á. En í stað einstakra réttindareina kæmi áherzla á skylduákvæði.

#### 1. Almenn yfirlýsing um réttindi þjóðfélagsþegnanna.

*Allir menn eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi. Það er því sammæli Íslendinga að allir þegnar þjóðfélagsins skuli njóta mannhelgi, friðar, jafnréttis og frelsis til orðs og athafna og friðhelgi eigna án alls manngreinaráligs vegna kynferðis, trúar, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða annarrar stöðu með þeim takmörkunum einum sem sett eru í stjórnarskrá þessari og landslögum.<sup>26</sup>*

Með slíkri yfirlýsingu er ríkisvald takmarkað í anda hugmynda um þjóðfélagssáttmála, nánar tiltekið sáttmála frjálsra manna sem felur í sér viðurkenningu á framangreindum grundvallarréttindum. Er það í samræmi við þann grundvöll sem lagður var við stofnun íslenzka þjóðveldisins og þá jafnframt forna

---

26 Með upphafsorðunum er tekið mið af 3. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og upphafsorðum Gamla sáttmála. – Hugmyndir að stjórnarskrágreinum eru skáletraðar; þær eru fjarri því að vera fullmótaðar. Fyrirmyndir að þeim er að finna í nágildandi mannréttindakfla stjórnarskrárinna, sbr. stjórnskipunarlög nr. 100/1995 og *Skyrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinna*. Reykjavík, janúar 1983.

íslenzka stjórnskipunarhefð sem jafnvel tókst ekki að uppræta til fulls á einveldisöld.

## 2. Almennar skyldur þjóðfélagsþegnanna.

*Skylt er öllum að hlýða lögum landsins og taka á sig þær skyldur sem lög bjóða.*

Nú er það ágreiningslaust að eitt meginhlutverk ríkisins sé að halda uppi lögum og reglu og þvinga menn til hlýðni. Til þess að rækja þá skyldu hefur því verið veittur einkaréttur til að beita valdi – beita ofbeldi svo að talað sé umbúðalaust. Vegna þessa sérstaka hlutverks ríkisins er nauðsynlegt að tryggja þegnana með réttindagreinum á þessu afmarkaða svíði. Réttast er að skipa þeim ákvæðum í sérstakan kafla því til áherzlu að þau séu undantekning frá meginreglum.

## 3. Sérstök réttindi þjóðfélagsþegnanna.

*Enginn verður sviptur frelsi nema lög heimili sérstaklega. Sá sem stjórnvöld svipta frelsi á rétt til að bera málid undir dómara sem ljúka skal málinu án ástæðulausrar tafar.*

Sá sem tekinn er höndum skal eins fljótt og auðið er fá vitnesku um ástæður fyrir handtökunni. Hann ber án undandráttar að leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt láttinn laus, skal dómari, áður en sólarbringur er liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á hvort hann skuli settur í gæzluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæzluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, og megi láta hann lausan gegn tryggingu, skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

*Öllum skal tryggð réttlát meðferð mála sinna fyrir dómstólum. Hver sá sem sakadur er um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus, unz sekt hans hefur verið sönnuð lögum samkvæmt.*

*Enginn skal sekur fundinn um refsiverða háttsemi, nema brot hans hafi varðað refsingu að lögum á þeim tíma sem það var*

*framið. Ekki má heldur dæma menn til þyngri refsingar en heimilt var á þeim tíma þegar refsivert brot var framið.*

*Sönnunarbyrði hvílir óskoruð á ákærvaldinu. Víkja má frá þeirri reglu þegar mikilvægir þjóðfélagsþagsmunir krefjast, enda sé skýr heimild í lögum.*

EKKI ER BÖRF Á AÐ SKÝRA ÞESSA GREIN, ENDA ER HÚN Í SAMRÆMI VIÐ ALMENNT VIÐURKENNDAR MEGINREGLUR Í RÉTTARRÍKI. Með undantekningarreglunni í síðustu málsgreininni eru sérstaklega höfð í huga brot sem lúta að meðferð áfengis og annarra fíkniefna, enda eru þar í húfi svo mikilvægir þjóðfélagsþagsmunir að neyðarréttarsjónarmið helga slíka reglu.

## 4. Sérstakar skyldur þjóðfélagsþegnanna.

*Skylt er hverjum manni að ábyrgjast hugsanir sínar og skoðanir sem hann birtir fyrir almenningu eða lætur í ljós á annan hátt.*

*Skylt er hverjum manni að sæta því að settar séu skorður við tjáningsarfelsi hans í þágú allsherjarreglu, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðisbefðum.*

Hér er sleppt almennri yfirlýsingum um tjáningsarfelsi af því að hennar á ekki að vera börf.

*Skylt er mönnum að gæta friðar og allsherjarreglu við hvers konar mannfundi eða annan mannsafnað.*

EKKI VERÐUR SÉÐ AÐ BÖRF SÉ Á AÐ TAKA FRAM AÐ MENN EIGI RÉTT Á AÐ SAFNAST SAMAN MEÐ FRIÐSAMLEGUM HÆTTI. Pað er sjálfsagður réttur. Hins vegar er nauðsynlegt að minna á að menn skuli fara með friði.

*Skylda má menn til að ganga í félag ef brýnir almannahagsmunir krefjast, enda sé í lögum skilmerkilega mælt fyrir um valdsvið félags, skyldur og réttindi félagsmanna.*

Réttur manna til að stofna félög í sérhverjum lögglegum tilgangi hlýtur að vera sjálfsagður; hins vegar verður að reisa rammar skorður við því að menn séu skyldaðir til að ganga í félög þótt ekki þyki fært að banna það með öllu.

*Skylt er mönnum að láta af hendi eign sína ef almannapörf krefst. Þarf til þess lagafyrirmáli og komi fulli verð fyrir.*

Þótt ekki séu allir þeirrar skoðunar að eignarrétturinn teljist til mannréttinda eru þó langflestir á því máli núorðið. Álitamál er hins vegar hversu viðtækur hann sé og hvað hann feli nákvæmlega í sér. Þrátt fyrir þetta sýnist varla þörf á að taka fram að eignarrétturinn sé friðhelgur, en hins vegar nauðsynlegt að takmarka skyldu manna til að afsala eignum sínum.

*Skylt er mönnum að pola skerðingu á atvinnufrelsi ef almannheill krefst, enda sé það gert með lagaboði.*

Sama er að segja um þetta og eignarréttinn. Atvinnufrelsi er sjálfsagt, en allar takmarkanir á því verður að heimila sérstaklega.

*Skylt er hverjum þjóðfélagsþegn að gjalda skatta eftir því sem nánar er mælt i lögum. Skattálogur skulu ávallt ákveðnar áður en tekna er aflað.*

Nauðsynlegt virðist að minna á þessa skyldu þó að þess ætti ekki að vera þörf. Jafnframt er ástæða til að banna afturvirkni skattalaga.

*Skylt er öllum að vernda náttúru landsins og auðlindir þess svo að ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu.*

Ef ástæða þykir til að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskrá er þetta betra orðlag en almenn yfirlýsing um að vernda skuli náttúru landsins. Af því má ljóst vera að þessi skylda hvíli ekki eingöngu á þeim sem með völdin fara, heldur öllum landsmönnum.

*Skylt er öllum að varðveita íslenzka tungu og standa vörð um menningararfleifð þjóðarinnar.*

Hér á við það sama og áður er sagt. Ekki virðist minni ástæða til að minna á skylduna við menningararfleifðina en náttúru landsins og náttúrlegar auðlindir.

*Sérhverjum vopnfærum manni er skylt að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því sem nánar kann að vera fyrir mælt i lögum.*

Pessi grein er efnislega samhljóða 75. gr. stjórnarskrárinnar sem felld var úr gildi með stjórnskipunarlögum nr. 100/1995.

5. Sameiginlegar skyldur við alla þegna þjóðfélagsins.

*Skylt er að veita þeim félagslega aðstoð af almannafé sem geta ekki séð sér farborða vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örþingðar eða annarra sambærilegra ástæðna eftir því sem nánar er áskilið i lögum.*

Hér er mælt fyrir um skyldu þjóðfélagsþegnanna við þá sem standa höllum fæti í stað þess að mæla fyrir um rétt þeirra til félagslegrar aðstoðar.

*Skylt er að sjá hverjum þjóðfélagsþegn fyrir nauðsynlegri grunnfræðslu af almannafé eftir því sem nánar er ákveðið i lögum.*

Petta ákvæði kemur í stað ákvædis um að allir skuli eiga rétt til menntunar og fræðslu.

*Skylt er að veita þolendum afbrota vernd og aðstoð til að sækja rétt sinn á hendur afbrotamönnum.*

Með þessu ákvæði er sú skylda lögð á löggjafann að tryggja rétt brotaþola ekki síður en rétt brotamanns, meðal annars að skipa brotaþola talsmann, greiða kostnað við réttargæzlu og tryggja eftir föngum að hann fái skaða bættan. Skref í þessa átt hefur verið stigið með setningu laga nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

#### Réttindum fylgja skyldur

Og nú má spyrja: Hvað vinnst við að breyta mannréttindagreinum á þennan veg? Fylgja ekki skyldur réttindum? Er ekki einvörðungu verið að deila um keisarans skegg?

Nú verður að minna á það sem áður hefur verið sagt að réttindagreinar þær sem eru stofninn í mannréttindakfla stjórnarskráinnar eiga sér rætur í átökum við einveldisstjórn sem reist var á grundvelli altæks valds. Við þær aðstæður báru þegnarir einvörðungu skyldur, en nutu takmarkaðra, jafnvel engrá réttinda. Því voru réttindakröfur eðlilegar og réttindagreinar sjálfsagt framhald þegar kröfum hafði fengið framengt. Sú umræða sem fram fer um mannréttindamál sýnir ótvírætt merki þess að andi

alræðisins svífur enn yfir vötnum. Við því er brugðizt með því að vísa til réttinda hvers og eins þjóðfélagsþegns.<sup>27</sup> Víða í veröldinni kann að vera nauðsynlegt að taka þannig á mannréttindamálum, einkum í upphafi frelsisbaráttu, en ekki í ríkjum sem lengst eru komin á braut lýðræðis, mannréttinda og velferðar. Linnulaus áherzla á réttindagreinar er vísasti vegur til að splundra ríkjunum og þá um leið að grafa undan mannréttindum. Þetta á óvíða betur við en á Íslandi þar sem ríkisvald er veikt.

Þar sem ríkisvald er á hinn bóginn öflugt og ágengt og helzt er þörf að halda því í skefjum sýnir reynslan að réttindagreinar eru, þegar til lengdar lætur, furðu hallditlar til að hamla gegn ágangi valdsins og fá valdhafa til að gegna þeirri skyldu að virða réttindi þegnanna. Vandkvæði eru á að orða þær svo að þeim sem með ríkisvald fara – einkanlega löggjafarvald – séu reistar viðhlítandi skorður, þegar til kastanna kemur. Svigrúmi valdhafa eru því lítil takmörk sett. – Dómstólar hafa löngum túlkað réttindagreinar þrónt og fræðimenn ekki gert mikið úr þeim.<sup>28</sup> Þess í stað hafa menn sett allt traust á hið lýðræðislega aðhald og ekki gert sér grein fyrir takmörkum þess.

Réttindagreinar hafa sefjunaráhrif á þjóðfélagsþegnana sem eru þá vísir til að líta á þær sem hvatningu til að hafa uppi réttindakröfur af ýmsu tagi, oftast á hendur „þjóðféluginu“ eða „ríkinu“, án þess að gera sér grein fyrir hvað það merkir. Réttindakröfur verða mótsagnakenndar og sá sem skyldurnar ber lítt sýnilegur eins og von er, því að þeir sem kröfur gera og hinir sem skyldur bera eru oftast sömu þjóðfélagsþegnarnir. Sá sem tileinkar sér slík viðhorf er vís til að ýta allri ábyrgð frá sér, en oftast er óljóst hvert.<sup>29</sup>

27 Poul Sieghart: *The Lawful Rights of Mankind*. Oxford University Press. Oxford og New York 1986, bls. 43-44.

28 Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Önnur útgáfa. Gunnar G. Schram annaðist útgáfuna. Íðunn. Reykjavík 1978, bls. 419 o. áfr.

29 Kröfur ríkisstarfsmanna til hærri launa, svo og kröfur einstakra þjóðfélagshópa til framlaga úr ríkissjóði eru öðrum þraði kröfur á hendur skattgreiðendum sem að mestu leyti er sama fólkis þótt það beri ólikar byrðar. Hagsmunabaráttan felur iðulega í sér kröfur eins þrýstihóps á hendur öðrum og sá

Pá má minna á að réttindagreinar eru alla jafna almennt orð-ðar og því ekki ýkja skýrar né skilmerkilegar; þar af leiðandi er óvissa um skyldur. Því er nokkur hætta á að réttindagreinar kyndi undir ófriði og illdeilum alveg á sama hátt og merkingarlítlar lagagreinar gera yfirleitt.

Réttindagreinar vekja enn fremur andúð á ríkinu og valdi þess og undir merkjum þeirra fær baráttu gegn ríkinu meiri hljómgrenn en réttlætanlegt er. En skyldu þeir sem þá baráttu heyja gefa því gaum hvað við kunni að taka þegar allan mátt hefur dregið úr ríkisvaldinu? Tekur þá ekki við alræði kröfugerðar- og þrýstihópanna, svo sem að framan er lýst, og strið allra gegn öllum?

Undir merkjum réttindagreinanna er tekizt á í þjóðféluginu; launþegar eiga í erjum við fyrirtækin, landslyðurinn heyr strið við stjórnvöld („kerfið“), skólanemendur við kennara, hjón hvert við annað, börn við foreldra, sjúkir og fatlaðir við heilbrigða og þannig mætti áfram telja. Til að styrkja vígstöðu sína ráða stjórnendur kröfugerðarhópanna sér starfslið og skipuleggja fylkingu trúnaðarmanna, réttindaskrifstofur rísa upp, samninganefnir verða fleiri og fjölmennari, „samstarfsnefndir“ og „ráð“ af ýmsu tagi fá vaxandi verkefni. Þeir sem hafa ekki bolmagn til slíkra umsvifa kalla á ríkisvaldið og krefjast félagslegrar aðstoðar í réttindabaráttunni. Mannréttindaskrifstofum er komið á fót og opinberir gæzlumenn hvers konar hagsmuna birtast síðan hver af öðrum: fulltrúar, trúnaðarmenn, eftirlitsmenn, rádgjafar og umboðsmenn, auk þeirra sem starfa á frjálsum markaði. Þannig verður réttindabaráttu og kröfugerð einn helzti vaxtarbroddur atvinnulífsins. Þeir sem þar starfa nærist á deilum og árekstrum; réttindakröfumenn leita uppi það sem verða kann til ásteytings og magna upp átök.

Og svo verður að leysa málin og við tekur langt samningsferli svo að enn er ærinn starfi og að lokum nást samningar sem verða

hefur sitt fram sem mest á undir sér, en hinn sem verður undir leitar til ríkisins. Hitt gerist einnig að báðir þrýstihóparnir leita til ríkisins og setja því þá úrslitakosti að þeir leysi ekki ágreining sinn nema ríkið gangi að tilteknunum kröfum. Þetta er sú aðferð sem aðilar vinnumarkaðarins viðhafa x oftar.

stöðugt flóknari unz sérhæft fólk eitt skilur hvað í þeim felst, ef þeir á annað bord merkja eithváð. Enn fylgir ærinn starfi við túlkun og framkvæmd. – Til þessarar sögu nægir að nefna kjara-deilur og kjarasamninga.

Jafnframt þessu verður ríkisvaldið að veita fulltingi og þaðan berst stríður straumur laga og reglugerða þar sem seilzt er sifellt lengra inn í öll samskipti manna og jafnvel einkalíf. Stöðugt er ráðskast meira með þegna þjóðfélagsins sem verða smám saman lítt myndugir leiksoppar yfirvalda og hagsmunavaktara. Áður en varir eru menn hnepptir í ánað reglugerðarríkisins. – Skyldurnar hafa gleymzt og réttindagreinarnar grafið undan mannréttindum.

#### *Hvað vinnst við skylduákvæðin?*

Skylduákvæðin eru á hinn böginn líkleg til að breyta áherzum. Þó verður að hafa í huga að ekki er nægilegt að kveða á um skyldu almennt. Leitast verður við að mæla sem skilmerkilegast fyrir um hver beri skyldu og gagnvart hverjum þótt því séu takmörk sett hversu ýtarlega stjórnarskrárákvæði verða orðuð.

Með skylduákvæðum eru þá afmörkuð þau svíð, þar sem handhöfum almannavalds – einkum löggjafarvalds – er gerlegt að skerða frelsi þjóðfélagsþegnanna, leggja á þá kvaðir eða önnur þyngsl. Þar sem slíka heimild skorti yrði almannavald, þá m. löggjafinn, að halda sér í skefjum. Allt sem er ekki takmarkað sér-staklega er frjálst.

Mikilvægast er þó að skylduákvæðum fylgir viðhorfsbreyting.<sup>30</sup> Sá sem gengst undir skyldurnar lýsir sig um leið reiðubúinn að bera ábyrgð. Þegar svo báðir, þegn og valdhafi, hafa skyldurnar að leiðarljósi er líklegt að þeir sameinist um að halda í heiðri þær grundvallarreglur sem þjóðfélagið hlýtur að vera reist á.

30 Um líklega viðhorfsbreytingu má nefna þetta sem dæmi:

A nýtur fullkomins tjáningarfrelsí – hann má segja allt sem hann vill.  
A tekur á sig þá skyldu að takmarka tjáningarfelsi sitt vegna tiltekinna hags-muna annarra.  
A hefur þetta að leiðarljósi í ræðu og riti.  
B nýtur einungis þess tjáningarfrelsí sem honum er skammað í réttindagrein.

Skylduákvæðin minna þegna þjóðfélagsins á að frjáls maður gegnir *skyldum*, en klifar ekki í sífellu á réttindum sínum. Stjórnskipanin hvílir þá á sáttmála – þjóðfélagsáttmála – frjálsra og viti borinna manna en ekki á valdboðum. Ríki á grundvelli þjóðfélagsáttmála er sú framtíðarsýn sem blasa ætti við í mannréttindamálum á tuttugustu og fyrstu öld.

Þessi ritgerð er að stofni til fyrirlestur sem fluttur var á fundi í Lögfræðingafélagi Íslands 3. febrúar 1994 þar sem umræðuefnid var: „Hvaða breytingar eru tíma-bærar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinna?“ Ritgerð þessi á sér þó miklu lengri aðdraganda sem ekki er ástæða til að rekja hér. Fyrirlesturinn var síðan birtur í hlutum í dagblaðinu *Tímanum* 11., 17., 24. febrúar, 2., 3. og 4. marz 1994.  
– Ritstjórum Skírnis þakka ég gagnlegar ábendingar.

B vill tryggja tjáningarfelsi sitt til hins ýtrasta og reynir eftir megni að komast fram hjá öllum takmörkunum.

B hefur þetta að leiðarljósi hvenær sem hann tjáir sig.  
Ölk viðhorf hljóta að ráða hvernig tjáningarfrelsí er neytt og raunar allra réttinda. A takmarkar rétt sinn sjálfur, B reynir að brjótast undan valdboðum.

*Viðauki I*

*Almenn yfirlýsing um tiltekin réttindi manna – allir skulu eiga rétt ..., öllum skuli tryggður réttur.*

Hér má nefna ákvæði þar sem segir *að* allir eigi rétt á *að* stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins, 63. gr.,<sup>31</sup> *að* hver maður sem hefur verið sviptur frelsi eigi rétt á *að* fá *að* vita tafarlaust um ástæður þess, 67. gr., 1. mgr.; *að* hver sá sem af öðrum ástæðum sé sviptur frelsi eigi rétt á *að* dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má, 67. gr., 4. mgr.; *að* hafi maður verið sviptur frelsi *að* ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta, 67. gr., 5. mgr.; *að* öllum beri réttur til *að* fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, 70. gr., 1. mgr.; *að* hver maður eigi rétt á *að* láta í ljós hugsanir sínar, 73. gr., 2. mgr.; *að* menn eigi rétt á *að* stofna félög, þar á meðal stjórnmalafélög og stéttarfélög, 74. gr., 1. mgr.; *að* menn eigi rétt á *að* safnast saman vopnlausir, 74. gr., 3. mgr.; *að* í lögum skuli kveða á um rétt manna til *að* semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu, 75. gr., 2. mgr.; *að* öllum sem þess þurfa skuli tryggður réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örþingðar og sambærilegra atvika, 76. gr., 1. mgr.; *að* öllum skuli tryggður réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi, 76. gr., 2. mgr.

*Almennt orðaðar yfirlýsingar um réttarstöðu manna – allir skulu ráða ..., njóta ..., vera frjálsir ... .*

Slíkar yfirlýsingar eru nokkrar í stjórnarskránni. Þannig er tekið fram *að* öllum sé frjálst *að* standa utan trúfélaga, 64. gr., 2. mgr.; *að* allir skuli vera jafnir fyrir lögnum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu *að* öðru leyti, 65. gr.; *að* allir sem dveljist í landinu skuli ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna, 66. gr., 4. mgr.; *að* allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, 71. gr., 1. mgr.; *að* allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar, 73. gr., 1. mgr.; *að* öllum sé frjálst *að* stunda þá atvinnu sem þeir kjósa, 75. gr., 1. mgr.

*Ákvæði sem reisa ríkisvaldi skorður – engan megi ..., enginn sé skyldur ..., engum verði ..., engum skuli ... .*

Hér má nefna ákvæði þar sem svo er mælt *að* enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúar sinnar, 64. gr.,

<sup>31</sup> Hér er vísað í greinar stjórnarskrárinna eins og þær eru samkvæmt stjórnskipunarlögum nr. 100/1995.

1. mgr.; *að* enginn sé skyldur til *að* inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild *að*, 64. gr., 2. mgr.; *að* engan megi svipta íslenzkum ríkisborgarárétti, *að* íslenzkum ríkisborgara verði ekki meinað *að* koma til landsins og *að* engum verði meinað *að* hverfa úr landi, 66. gr., 1.-3. mgr.; *að* engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum, 67. gr., 1. mgr.; *að* maður skuli aldrei sæta gæzlavarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, 67. gr., 3. mgr.; *að* engan megi beita pyndingum né annari ómannuðlegri eða vanvirðandi refsingu og engum skuli gert *að* leysa af hendi nauðungarvinnu, 68. gr.; *að* engum verði gert *að* sæta refsingu nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi sem refsiverð hafi verið á þeim tíma samkvæmt lögum og *að* viðurlög megi ekki vera þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemi átti sér stað, 69. gr., 1. mgr.; *að* í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu, 69. gr., 2. mgr.; *að* hver sá sem borinn sé sökum um refsiverð háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, 70. gr., 2. mgr.; *að* ekki megi gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum nema samkvæmt dómsúskurði eða sérstakri lagheimild, sama eigi við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerdingu á einkalífi manns, 71. gr., 2. mgr.; *að* eignarrétturinn sé friðhelgur, engan megi skylda til *að* láta af hendi eign sína nema almannapörf krefji, þurfi lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir, 72. gr., 1. mgr.; *að* ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða, 73. gr., 2. mgr.; *að* félag megi ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalda, 74. gr., 1. mgr.; *að* engan megi skylda til aðildar að félagi, 74. gr., 2. mgr.; *að* skattamálum skuli skipað með lögum og *að* ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann og *að* enginn skattur verði lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu, 77. gr.; *að* sveitarfélög hafi rétt til að ráða sjálf malefnum sínum eftir því sem lög ákveða, *að* tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir skuli nýttir, 78. gr.

*Skylda ríkisvalds til ákveðinna athafna – að ... skuli.*

Í nokkrum ákvæðum er slík skylda lögð á þá sem fara með almannavald. Nefna má ákvæði eins og *að* handtekinn mann skuli án undandráttar leiða fyrir dómara og sé maður ekki jafnskjótt láttinn laus skuli dómari *að*ur en sólarhringur er liðinn ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæzlavarðhaldi og *að* með lögum skuli tryggja rétt þess sem sætur gæzlavarðhaldi til *að* skjóta úrskurðinum til æðri dóms, 67. gr., 3. mgr.; *að* dómþing skuli háð í heyranda hljóði nema annað sé ákveðið samkvæmt nánar tilteknunum skilyrðum, 70. gr., 1. mgr.; *að* börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefjist, 76. gr., 3. mgr.

*Handhöfum ríkisvalds heimilað að takmarka réttindi manna – að ... megi takmarka ..., standi ekki í vegi ..., setja skorður ..., kveða á um skyldu ....*

Nokkur ákvæði heimila handhöfum ríkisvalds innan tiltekinna marka að skerða réttindi manna. Þannig er mælt að þrátt fyrir rétt manna til að njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu megi með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt þá friðhelgi ef það sé nauðsynlegt vegna réttinda annarra, 71. gr., 1. mgr.; að með lögum megi takmarka rétt annarra en íslenzkra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í avinnufyrirtæki hér á landi, 72. gr., 2. mgr.; að tjánigarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða síðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum, 73. gr., 2. mgr.; að banna megi þó um sinn starfsemi félags sem talið er hafa ólöglegan tilgang, en höfða verði þá mál án ástæðulausrar tafar gegn félagini til að fá því slitið með dómi, 74. gr., 1. mgr.; að með lögum megi skylda menn til aðildar að félagi ef það sé nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmunu eða réttinda annarra, 74. gr., 2. mgr.; að lögreglu sé heimilt að vera við almennar samkomur og banna megi mannfundi undir berum himni ef uggvænt þyki að af þeim leiði óspektir, 74. gr., 3. mgr.; að frelsi manna til að stunda þá vinnu sem þeir kjósa megi setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess, 75. gr., 1. mgr.

Sameiginlegt öllum þessum ákvæðum er að skírkotað er með einum eða öðrum hætti til réttinda þjóðfélagsþegnanna.

### *Viðauki II*

Hér verða rakin ákvæði í stjórnarskrá Íslands og helztu alþjóðasáttmálum sem annars vegar vernda stéttarfélög og samningsrétt þeirra, þ. á m. verkfallsrétt, og hins vegar rétt manna til að standa utan félaga, rétt manna til vinnu, rétt til menntunar og rétt til heilbrigðisþjónustu. Í skjóli framangreindrar lögyverndar brjóta stéttarfélögin rétt manna til vinnu, rétt manna til að standa utan félags, rétt til menntunar og rétt til heilbrigðisþjónustu. Réttindagreinar vernda öll þessi gildi, en í reynd leiðir aðstöðumunur til þess að sérhagsmunir eru verndaðir á kostnað almannahagsmunu og tímabundnir hagsmunir, svo sem réttur til að taka þátt í lífsgæðakaphlaupi, ganga framar grundvallarréttindum sem bundin eru við frelsi, vinnu, menntun og heilbrigði.

Réttur til að stofna stéttarfélög og semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu er tryggður í 74. gr., 1. mgr. og 75. gr., 2. mgr. stjórnarskráinnar. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er mönnum mæltur réttur til að stofna stéttarfélög og semja sameiginlega, 23. gr., 4.

mgr., sjá einnig mannréttindasáttmála Evrópu, 11. gr., 1. mgr., félagsmálasáttmála Evrópu I, 5.-6. tl., II, 5.-6. gr., alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 8. gr. og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnálaleg réttindi, 22. gr., 1. mgr. Sjá ennfremur samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi og verndun þess [nr. 87] 9. júlí 1948 (ILO 87), I. og II. kafla. Þar er félögum verkamanna og vinnuveitenda veitt vernd. Sjá einnig samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (ILO 98), 1.-6. gr.

Réttur til verkfalla er tryggður í félagsmálasáttmála Evrópu, 6. gr., 4. mgr. og alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 8. gr. 1. mgr., d.

Réttur til að standa utan félaga er tryggður í 74. gr., 2. mgr. stjórnarskráinnar með þeim takmörkunum að skylda megi manna til aðildar með lögum ef nauðsynlegt er til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmunu eða réttinda annarra. Sjá einnig mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 20. gr., 2. mgr., inngang mannréttindasáttmála Evrópu þess efnis að ríkisstjórnir þær sem undirritað hafa samninginn og eru aðilar að Evrópuráðinu „hafa í huga mannréttindayfirlýsingu þá sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948“. Sjá einnig félagsmálasáttmála Evrópu II, 1. gr., 2. mgr.

Réttur til vinnu er tryggður í 75. gr., 1. mgr. stjórnarskráinnar. Sjá einnig mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 23. gr., 1. mgr., félagsmálasáttmála Evrópu I, 1. tl., II, 1. gr., sbr. viðauka II. kafla, 1. gr., 2. mgr. og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 6. gr., 1. mgr.

Réttur til menntunar er tryggður í 76. gr., 2. mgr. stjórnarskráinnar. Sjá einnig mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 26. gr., mannréttindasáttmála Evrópu, viðauka nr. 1, 2. gr., félagsmálasáttmála Evrópu I, 10. tl., alþjóðasáttmála um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 13. gr., og samning um réttindi barna, 27. gr.

Réttur til aðstoðar vegna sjúkleika er tryggður í 76. gr., 1. mgr. stjórnarskráinnar. Sjá einnig félagsmálasáttmála Evrópu, 11., 13. og 15. gr. og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 12. gr.

### *Viðauki III*

Tjánigarfrelsi er tryggt í 73. gr., 2. mgr. stjórnarskráinnar þannig að allir eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Sjá einnig mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 19. gr., mannréttindasáttmála Evrópu, 10. gr., 1. mgr. og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnálaleg réttindi, 19. gr., 1.-2. mgr. – Jafnframt er svo mælt að menn verði að ábyrgjast skoðanir sínar fyrir dómi, 73. gr., 2. mgr. Heimilt er einnig að setja

tjáningarfrelsi skorður „með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“ Sjá einnig mannréttindasáttmála Evrópu, 10. gr., 3. mgr. og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, sbr. 19. gr., 3. mgr.

Um fáar greinar hefur meira verið rætt en þær sem lúta að tjáningarfrelsi. Samtök rithöfunda og blaðamanna hafa lagzt fast gegn öllum ákvæðum sem mæla fyrir um takmarkanir á málfrelsi og gagnrýnt harðlega dóma sem gegn þeim hafa gengið í meiðyrðamálum. Hér mótar ákvæðið öflugur þrýstihópur með skýrt afmarkaða hagsmuni og sterka aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með þeim afleiðingum að réttur manna til friðhelgi einkalífs og æruverndar þokar. Þetta má marka þæði í löggjöf og dómaframkvæmd og sýnir hvernig réttindagreinarnar verja sérhagsmunina. Í þessu viðfangi er rétt að minna á að aðdróttanir, sögusagnir og rógor er orðin mikilvæg söluvara sem margir hafa atvinnu af að framleiða.

KRISTÍN GEIRSDÓTTIR

## Hvað er sannleikur?

I

HVAÐ ER SANNLEIKUR? Pannig var eitt sinn spurt svo sem frá er greint í helgri bók, og fátt er mér minnisstæðara frá bernsku minni en síðu djúpa hryggð, sem gagntók mig, þegar eg sat með bíblíusögurnar mínar og las um það að landstjórin, sem bar fram spurninguna, beið ekki eftir svari mannssonarins, heldur veik frá án þess að fá svar. Mér fannst þetta svo óendenlega sorglegt, að fá ekki svar við slíkri spurningu, þegar það virtist svona næri, en skynja í stað leiðsagnar aðeins auðn og tóm. Og enn er spurningunni ósvarað.

Á langri ævi hef eg oft leitt hugann að þeim yfircengilegu breytingum, sem orðið hafa síðan eg var barn. Það er eins og komin sé alveg ný veröld. Tvær heimsstyrjaldir hafa ekki látið sig án vitnisburðar, en stórfelldustu breytingarnar munu tengjast þeim tæknundrum, sem menn hafa nú á sínu valdi og enn eru á fleygiferð. Allt verður að vera stórfenglegra en áður hefur þekkst, stærra og margbrotnara og æ sjálfvirkara. Vissulega er það dásamlegt, jafnvel þó að beygur við kjarnorkuna, mengunina og sitthvað fleira valdi áhyggjum. – Íslendingar bjuggu við lítt breytta verkmenningu í meira en þúsund ár og því fylgdi auðvit- að takmarkalaus þrældómur og strit, en tiltölulega lítil afköst, hvað sem menn lögðu á sig og kepptust við. En þegar loksns fór að rofa til, gengu breytingarnar svo undrahratt yfir, of hratt að eg held.

Eitt af því, sem tekið hefur gagngerum breytingum frá því að eg man fyrst eftir, er skilningur á okkar fornu bókmenntum, þjóðararfinum, sem oft er svo fjálglega nefndur, þegar mikið skal við hafa. Nú á að meðhöndla þessar gömlu bækur á raunsærri og skynsamlegri hátt en áður var gert, nú skal engin rómantík, fornaldardýrkun eða óskhyggja villa mönnum sýn. Það er auðvitað ekki nema gott. Sjálf er eg ekki farin að trúa jafn bókstaflega á